

Ed.

883. Breytingartillögur

[240. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Helga F. Seljan.

1. Við 6. gr. bætist 3. töluliður, svo hljóðandi:
Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn.
2. Við 8. gr. bætist 3. töluliður:
Ráðherra setur héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum tillögum Hjúkrunarfélags Íslands.
3. Við 10. gr. bætist 2. töluliður:
Um laun hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, sem jafnframt eru héraðshjúkrunarfræðingar, fer eftir launasamningi fjármálaráðherra og Hjúkrunarfélags Íslands á hverjum tíma.